



Borgarráð

Starfshópur um upplýsingatæknimál Reykjavíkurborgar

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um upplýsingatæknimál Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að stuðla að því að upplýsingatæknirekstur Reykjavíkurborgar styðji við markmið og þarfir borgarinnar og jafnframt að hafa yfirsýn og þekkingu á upplýsingatæknimálum hennar.

Greinargerð:

Ákvarðanir um nýtingu upplýsingatækni og þróun hennar geta vegið þungt varðandi gæði og hagkvæmni í þjónustu borgarinnar. Afköst starfsmanna, gæði upplýsinga, aðgengi að upplýsingum, aðgengi að þjónustu o.m.fl. ræðst að þeim tæknibúnaði og lausnum sem Reykjavíkurborg nýtir. Ljóst er að arður af upplýsingatækni er mikill og í nýtingu hennar liggja fjölmörg tækifæri til hagræðingar og bættrar þjónustu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um upplýsingatæknimál Reykjavíkurborgar.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um upplýsingatæknimál Reykjavíkurborgar

Ábyrgðamaður:

Borgarstjóri Reykjavíkur.

Hlutverk:

Ákvarðanir um nýtingu upplýsingatækni og þróun hennar geta vegið þungt varðandi gæði og hagkvæmni í þjónustu borgarinnar. Afköst starfsmanna, gæði upplýsinga, aðgengi að upplýsingum, aðgengi að þjónustu o.m.fl. ræðst að þeim tæknibúnaði og lausnum sem Reykjavíkurborg nýtir. Ljóst er að arður af upplýsingatækni er mikill og í nýtingu hennar liggja fjölmörg tækifæri til hagræðingar og bættrar þjónustu.

Hlutverk starfshópsins er að stuðla að því að upplýsingatæknirekstur Reykjavíkurborgar styðji við markmið og þarfir borgarinnar og jafnframt að hafa yfirsýn og þekkingu á upplýsingatæknimálum hennar. Starfshópurinn fjalli þannig um, taki afstöðu til, fylgi eftir og styðji við stærri verkefni er snúa að upplýsingatæknirekstri. Hópurinn fjalli einnig um stefnumarkandi ákvarðanir í upplýsingatæknimálum.

Hópurinn hafi viðeigandi stefnuskjöl borgarinnar til hliðsjónar í störfum sínum og horfi ávallt til persónuverndarsjónarmiða og heildarhagsmuna Reykjavíkurborgar í vinnu sinni.

Helstu verkefni:

- Að fjalla um, taka afstöðu til og leggja til forgangsöröðun stærri ákvarðana og álitamála er varða upplýsingatæknirekstur og -þróun.
- Að styðja við innleiðingu upplýsingatækniverkefna og vinna þeim brautargengi innan borgarinnar.
- Að fjalla um stefnumörkun í upplýsingatæknimálum m.t.t. hvort hún samræmist stefnum og markmiðum borgarinnar.
- Að veita umsögn um meiriháttar breytingar í upplýsingatæknirekstri.
- Að fjalla um stefnuskjöl er lúta að upplýsingatækni, s.s. stefnu um nýtingu upplýsingatækni og upplýsingatæknistefnu svo eitthvað sé nefnt.

Fulltrúar í starfshópnum:

Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu (formaður).

Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara eða staðgengill.

Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar eða staðgengill.

Skrifstofustjóri mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eða staðgengill.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs eða staðgengill.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs eða staðgengill.

Sviðsstjóri velferðarsviðs eða staðgengill.

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs eða staðgengill.

Sviðsstjóri íþróttar- og tómstundasviðs eða staðgengill.

Sviðsstjóri kjarnasviðs þjónustu og nýsköpunar eða staðgengill.
Sviðsstjóri kjarnasviðs fjármála og áhættustýringar eða staðgengill.
Sviðsstjóri kjarnasviðs mannauðs- og starfsumhverfis eða staðgengill.

Starfsfólk:

Starfsmaður frá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn getur leitað eftir ráðgjöf til starfsfólks borgarinnar og annarra fagaðila vegna afmarkaðra verkefna.

Starfstími:

Starfshópurinn er skipaður til tveggja ára í senn. Í september 2021 verður hlutverk og samsetning starfshópsins endurmetin.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson